

Stefna um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum
Sparisjóður Suður-Þingeyinga

1. Almenn

Sparisjóður Suður-Þingeyinga (hér eftir nefndur „sparisjóðurinn“) er fjármálafyrirtæki sem veitir fjölbreytta fjármálaþjónustu. Sparisjóðurinn ber ábyrgð á því að stjórn hans og starfsmenn hagi starfi sínu í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur og að gerðar séu allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sparisjóðsins.

Stefna þessi er sett á grundvelli 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sbr. 54. gr sömu laga.

Markmið stefnu þessarar er að sýna fram á að sparisjóðurinn, stjórn og starfsmenn fari að lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans og geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra til að tryggja trúverðugleika í viðskiptum sparisjóðsins og viðskiptavina. Þannig er reynt að koma í veg fyrir að draga megi hlutleysi starfsmanna í efa við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Er stefnu þessari ætlað að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem sparisjóðurinn grípur til svo markmið þeirra náist.

2. Gildissvið

Stefna þessi gildir um stjórn og alla starfsmenn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að starfsmenn þekki stefnu þessa, skyldur sínar samkvæmt henni og starfi í samræmi við hana. Stefna þessi tekur til núverandi viðskiptavina sparisjóðsins sem og fyrrverandi viðskiptavina þar sem trúnaðarskyldur eða aðrar skyldur ríkja enn milli aðila.

3. Greining hagsmunaárekstra

Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sinni leggur sparisjóðurinn mat á hvort möguleiki sé á að hann, starfsmaður hans eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur sparisjóðnum í gegnum yfirráð:

- sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinar,
- hafi hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavinum er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreinanlegir frá hagsmunum viðskiptavinar,
- hafi fjárhagslegan eða annars konar hvata til að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar,
- stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur,
- þiggi eða muni þiggi umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavinum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

4. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

Stjórn og starfsmenn skulu ávallt gæta fyllsta hlutleysis í störfum sínum. Þeir skulu gæta þess að viðskiptavinir sparisjóðsins njóti jafnræðis um upplýsingar að teknu tilliti til reglna um þagnarskyldu og eðli viðskipta og/eða þjónustu hverju sinni, verð og önnur viðskiptakjör. Meðal þeirra ráðstafana sem sparisjóðurinn viðhefur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eru:

- starfsmönnum ber ávallt að fara að lögum, opinberum reglum og innri reglum sparisjóðsins í störfum sínum hjá sparisjóðnum.
- starfsmenn skulu haga störfum sínum þannig að trúnaðarupplýsingar berist ekki til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna.
- reglur um þátttöku í atvinnurekstri, bann við umbun, gjöfum og boðsferðum, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, siða- og starfsreglur eru meðal þeirra innri reglna sparisjóðsins sem starfsmönnum ber að hlíta og koma eiga í veg fyrir og/eða takmarka hagsmunaárekstra.

Fræðsla til starfsmanna:

- Sparisjóðurinn leggur mikla áherslu á að starfsmenn séu vel upplýstir um þær reglur sem gilda um starfsemi hans, þ.m.t. breytingar á lögum, reglum og/eða gildandi framkvæmd. Starfsmenn skulu sækja námskeið tengd starfi sínu og jafnframt námskeið þar sem öðrum þáttum í rekstri sparisjóðsins eru gerð skil.

Upplýst um hagsmunaárekstra:

- Ef upp koma tilvik þar sem til hagsmunaárekstra kemur mun sparisjóðurinn kappkosta að bregðast skjótt við og með sanngjörnum hætti. Ef sparisjóðurinn getur ekki með fullnægjandi vissu komið í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta mögulega skaðað hagsmuni viðskiptavina mun sparisjóðurinn upplýsa viðskiptavin um eðli og ástæður hagsmunaárekstra, annað hvort skriflega eða í símtali, áður en til viðskipta er stofnað, ef unnt er, en að öðrum kosti áður en viðeigandi viðskipti eiga sér stað. Með þessu er reynt að tryggja að viðskiptavinur geti tekið upplýsta ákvörðun vegna þeirra viðskipta/þjónustu sem hann óskar eftir að teknu tilliti til þess er getur valdið hagsmunaárekstri.

5. Meðferð hagsmunaárekstra – auknar ráðstafanir

Telji sparisjóðurinn að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra nái ekki þeim árangri sem þeim er ætlað mun hann grípa til frekari ráðstafana sem geta m.a. falist í:

- að auka ábyrgð stjórnenda til að tryggja að starfsmenn hagi störfum sínum ávallt í samræmi við stefnu þessa.
- að neita að ákveðin viðskipti séu framkvæmd,

6. Skrá yfir hagsmunaárekstra

Sparisjóðurinn heldur skrá yfir þá starfsemi sem sparisjóðurin stundar þar sem hagsmunaárekstrar hafa skapast.

Verði starfsmenn þess áskynja að hagsmunaárekstrar, eða mögulegir hagsmunaárekstrar, eigi sér stað í starfsemi sparisjóðsins ber þeim ávallt að tilkynna það til sparisjóðsstjóra eða formanns stjórnar.

Sparisjóðsstjóri hefur umsjón og eftirlit með skránni.

7. Eftirlit með framkvæmd og endurskoðun

Sparisjóðsstjóri annast eftirlit með að stefnu þessari sé framfylgt. Geta viðskiptavinir bankans komið athugasemdum til hans telji þeir að brotið hafi verið gegn stefnu þessari.

Stefnu þessa skal endurskoða árlega og uppfæra eftir því sem við á.

Samþykkt af stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga 21.3.2024